



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## NÝSKÖPUNARVERÐLAUN

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag, miðvikudaginn 29. janúar kl. 14:00.

Markmið verðlaunanna er að heiðra námsmenn sem unnið hafa framúrskarandi starf við úrlausn verkefna sem styrkt eru af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Að verðlaununum standa Samtök iðnaðarins og Nýsköpunarsjóður námsmanna.

Fimm verkefni eru tilnefnd til verðlaunanna í ár:

1. *Litun sjávarleðurs úr íslenskum plöntum*. Verkefnið var unnið af Sigmundi Páli Freysteinsyni, nema í fatahönnun við hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands. Leiðbeinandi var Katrín María Káradóttir, aðjúnkt og fagstjóri fatahönnunarbrautar Listaháskóla Íslands.
2. *Möguleikar melgresis (Leymus arenarius)*. Verkefnið var unnið af Signýju Jónsdóttur og Sveini Steinari Benediktssyni, nemum í hönnun við Listaháskóla Íslands, í samstarfi við Landgræðsluna, Listaháskóla Íslands og Kjartan Óla Guðmundsson, vöruhönnuð og matreiðslumann. Leiðbeinendur verkefnisins voru Garðar Eyjólfsson, fagstjóri meistaranáms í hönnun við Listaháskóla Íslands, Magnús H. Jóhannsson, sviðsstjóri þróunarviðs Landgræðslunnar, og Rúna Thors, fagstjóri vöruhönnunar við Listaháskóla Íslands.
3. *Notendahugbúnaður Wave*. Verkefnið var unnið af þeim Eddu Pétursdóttur, meistaranema í hugbúnaðarverkfræði við Háskólann í Reykjavík, og Freyju Sigurgísladóttur, nema í tölvunarfræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinendur voru þeir Ólafur Bjarki Bogason, Haraldur Hugosson, Daníel Grétarsson og Jón Helgi Hólmgeirsson, stofnendur Genki Instruments.
4. *Nýjar afurðir þörunga*. Verkefnið var unnið af Hildi Margréti Gunnarsdóttur og Snædísí Guðrúnu Guðmundsdóttur, nemum í heilbrigðisverkfræði við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Verkefnið var unnið í samstarfi við fyrirtækið

SagaNatura; leiðbeinendur voru Gissur Örlygsson, verkefnastjóri við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, og Lilja Kjalarsdóttir, Halla Jónsdóttir, Sigurbjörn Einarsson og Páll Arnar Hauksson frá SagaNatura.

5. *Tengsl óeðlilegs blóðhags við bráða fylgikvilla og langtíma útkomu eftir skurðaðgerðir.* Verkefnið var unnið af Halldóri Bjarka Ólafssyni, nema í læknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var Martin Ingi Sigurðsson, sérfræðingur í svæfinga- og gjörgæslulækningum hjá Landspítala og kennari við Háskóla Íslands.

Við athöfnina munu forseti Íslands og Einar Gunnar Guðmundsson, formaður stjórnar Nýsköpunarsjóðs námsmanna, flytja ávörp auk þess sem fulltrúi nemenda í stjórn sjóðsins kynni verkefnin sem tilnefnd eru til verðlaunanna.

29. janúar 2020

*Fréttamönnum og ljósmyndurum er boðið að vera viðstaddir athöfnina. Að lokinni verðlaunaafhendingu verður sköpuð aðstaða á Bessastöðum til að fréttamenn geti rætt við verðlaunahafa*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540-4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896-3028) og Svandís Sigvaldadóttir, sérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði RANNÍS (897 3348).*